

Skráning úrgangsstaða

Gagnagrunnur um mengaðan jarðveg



Skráning úrgangsstaða

Maí 2025

Útgefandi: Umhverfis- og orkustofnun

Útgáfunúmer: UOS-2025:18

Rangárvellir 2, hús 8

603 Akureyri

Sími 569 6000

www.uos.is

1 Inngangur

Leiðbeiningar þessar fjalla um kortlagningu staða þar sem efni og/eða úrgangi hefur verið komið fyrir á eða í jörðu. Mikilvægt er að samræmis sé gætt í verklagi hlutaðeigandi stjórnvalda hvað varðar kröfur um starfsleyfi slíkra staða og skráningu þeirra í gagnagrunn Umhverfis- og orkustofnunar um mengaðan jarðveg. Er þessum leiðbeiningum ætlað að samræma það verklag með verkferli þar sem hægt er að flokka svæði eftir uppruna og gerð efnis og leiðbeiningum um starfsleyfisskyldu og skráningu í gagnagrunn.

Þessar leiðbeiningar eru er einungis settar fram til þess að flokka og aðstoða heilbrigðisfulltrúa við skráningu úrgangsstaða í gagnagrunninn og við að leggja mat á starfsleyfisskyldu þeirra. Þeim er ekki ætlað að taka til gerð frummats né áhættumats vegna mengaðs jarðvegs.

Leiðbeiningarnar eru unnar af verkefnahóp um úrgangsstaði:

Ólöf Vilbergsdóttir – Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Ríkharður F. Friðriksson – Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnafjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness

Stella Hrönn Jóhannsdóttir – Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Kristín Kröyer – Umhverfis- og orkustofnun

2 Skilgreiningar

Áður ónotað efni: Áður ónotað jarðefni er efni sem tekið er beint úr náttúrunni án vinnslu og/eða hefur aldreið verið notað eða unnið áður (e. Virgin material)

Efnislosunarstaður: Á efnislosunarstað er einungis leyfilegt að losa hreinan jarðveg sem er annaðhvort nýtt efni, s.s. úr námu, eða áður ónotað efni t.d. frá uppmokstri fyrir húsagrunnum (virgin material). Ekki er leyfilegt að losa úrgang á efnislosunarstað, þ.m.t. óvirkan úrgang. Efnislosunarstaður er ekki starfsleyfisskyldur hjá heilbrigðiseftirliti eða Umhverfis- og orkustofnun en getur þurft framkvæmdaleyfi frá sveitarfélaginu.

Fylling: Sérhver endurnýtingaraðgerð þar sem hentugur úrgangur, sem ekki er spilliefni, er notaður til endurheimtar á graftarsvæðum eða á tæknilegan hátt við landmótun. Úrgangur sem er notaður í fyllingar verður að koma í staðinn fyrir efni sem ekki er úrgangsefni, henta í áðurnefndum tilgangi og takmarkast við það magn sem er nauðsynlegt til þess að ná þessum tilgangi (3. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun

úrgangs). Fylling er starfsleyfisskyld hjá heilbrigðiseftirliti skv. 19. tl. IV. viðauka laga nr. 7/1998. (Sjá einnig leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar um endurnýtingu úrgangs í fyllingar)

Mengun: Þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

Millilager: Millilager er móttökustöð þar sem tekið er við jarðefni til lengri eða skemmri geymslu, umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðferðar. Á millilager er hægt að geyma jarðefnið í eitt ár áður en því er fargað eða allt að þremur árum áður en hreinsun eða endurnýting hefst. Frá millilager er jarðvegurinn sendur til endurnýtingar eða förgunar sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Millilager er starfsleyfisskyldur hjá heilbrigðiseftirliti skv. 72. tl. í viðauka IV laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

(Virkur millilager er millilager sem bæði tekur á móti efni til geymslu og afhendir efni til endurnýtingar. Ef millilager hefur ekki verið virkur í þrjú ár, þ.e. ef efni berst inn á hann en ekkert efni er afhent út af honum til endurnýtingar, þá er um urðunarstað að ræða.)

Óvirkur úrgangur: Úrgangur sem breytist ekki verulega líf-, efna- eða eðlisfræðilega og hefur ekki skaðleg áhrif á umhverfið, t.d. múrbrot, gler og uppmokstur, sjá II. viðauka í reglugerð nr. 738/2003, töflu 2.1.1 og liði 2.1.2.1 og 2.1.2.2.

Urðunarstaður: Staður þar sem tekið er við úrgangi til urðunnar á eða í landi, þar á meðal urðunarstaður þar sem framleiðandi úrgangs fargar eigin úrgangi á framleiðslustað og varanlegir staðir, þ.e. þar sem úrgangur er geymdur lengur en eitt ár áður en honum er fargað, eða þrjú ár áður en endurnýting hefst. Urðunarstaður er starfsleyfisskyldur hjá Umhverfis- og orkustofnun skv. 8. tl. II. viðauka laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Úrgangshafi: Framleiðandi úrgangs eða sá sem hefur úrgang í vörslu sinni.

Úrgangur: Hvers kyns efni eða hlutir sem handhafi úrgangs ákveður að losa sig við, ætlar að losa sig við eða er gert að losa sig við (3. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs).

3 Um flæðiritið

Um er að ræða verkferil sem nýta skal við kortlagningu á stöðum þar sem efni og/eða úrgangi hefur verið komið fyrir á eða í jörðu. Ákvörðun um starfsleyfisskyldu er útskýrður með flæðiriti sem leiðir viðkomandi sérfræðing áfram í greiningunni. Fyrsta skrefið í notkun flæðiritsins er að átta sig á hverskonar efni eða úrgang er um að ræða og er sá reitur því upphafspunktur flæðiritsins. Frá þeim reit fylgir sérfræðingurinn já og nei spurningum í gegnum flæðiritið og fær niðurstöðu út frá því.

4 Hvernig á að nota verkferilinn

Þær upplýsingar sem notaðar eru við greiningu þekktra fyllingar- og urðunarstaða eru t.a.m. loftmyndir, upplýsingar frá fyrrum starfsmönnum, útgefin starfsleyfi, útgefin framkvæmdarleyfi, upplýsingar frá skipulagsfulltrúum, byggingafulltrúum, öðrum hagaðilum og í gegnum ábendingar. Oftast er óþarfi að fara á staðinn til að sannreyna upplýsingarnar, það er gert þegar farið er fram á áhættumat eða jarðvegsrannsóknir á svæðinu.

Við þessa undirbúningsvinnu geta komið í ljós ýmsir staðir þar sem úrgangi og efni hefur verið komið fyrir í eða á jörðu. Þessir staðir geta borið nöfn eins og t.d. tippur, haugur, losunarstaður, geymslusvæði, haugsetning, urðunarstaður, endurvinnslustaður, fyllingarsvæði, landmótun eða náma. Mikilvægt er að allir þessir staðir séu skráðir í gagnagrunn um mengaðan jarðveg og er flæðiritið liður í að samræma þá skráningu þannig að hún sé framkvæmd á sama hátt hjá öllum hlutaðeigandi stjórnvöldum.

Þegar nægjanlegar upplýsingar liggja fyrir um svæðin eru þau svo greind með flæðiritinu og þau skráð í gagnagrunn Umhverfis- og orkustofnunar yfir mengaðan jarðveg.

Hægt er að hlaða þeim upplýsingum sem hefur verið safnað upp sem viðhengi í gagnagrunninn um mengaðan jarðveg. Einnig er mikilvægt að draga saman stutta lýsingu af svæðinu, stærð, umfangi, hvaða úrgangur var notaður og á hvaða tímabili og skrá sem lýsingu. Þegar þetta hefur verið gert er sjálft frummatið framkvæmt í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar um frummat fyrir menguð svæði (leiðbeiningarnar eru á heimasíðu uos.is).

5 Flæðirit

